



Fundargerð Hverfisráðs Reykjahverfis 13.02.2018

Fundur hjá Hverfisráði haldinn að Hrísateigi 4, bæði aðalmenn og varamenn voru mættir.

Formaður setti fund og þakkaði öllum fyrir að koma til fundar.

Dagskrá fundarins var á þessa leið.

1. Erindi frá Atla Jespesen; þar sem hann tilkynnir formlega úrsögn sína úr Hverfisráði og lagði fram erindi þess efnis sem lagt verður áfram inn til Byggðaráðs. Talsverðar umræður urðu um úrsögn Atla og ástæður þess. Þar með vék Atlí af fundi.

2. Ákveðið að Aðalheiður tekur sæti Atla og Rúnar verður varamaður áfram.

3. Aðalheiður sagði fréttir af Byggðaráðsfundi. Þar hafði verið spurt um hvað stæði upp úr í vinnu okkar í hverfisráði og hvaða mál væru brýnust. Orkuveitan og umferðaröryggismál eru okkur hugleikin og heimreiðamál. Skólamál nefnd til sögunnar. Var hún send heim af fundi með ósk um umfjöllun varðandi framtíðarsýn Heiðarbæjar.

4. Umræða um Heiðarbæ. Rætt um m.a. uppbyggingu gróðurhúss við Heiðarbæ með tengingu við ferðaþjónustu og veitingaþjónustu. Vangaveltur um mögulega tengingu við önnur fyrirtæki í Reykjahverfi, t.d. Garðræktarfélag Reykhverfinga á Hveravöllum. Undir þessum lið var nefnt að frístundakort gilda ekki í sundlaugina í Heiðarbæ líkt og á Húsavík – þessu þarf að breyta. Mikilvægt er að efla starfsemi í Heiðarbæ til verulegra muna enda mikil tækifæri þar.

5. Ljósleiðaralagning. Eins og staðan er þá eru fáeinir aðilar sem ekki hafa verið tengdir í hverfinu. Hverfisráð telur þakkarvert að það náðist að leggja ljósleiðara um hverfið nú í haust og vetur. Brýnt er að dreifbýlið austan við okkur fái ljósleiðara sem allra fyrst og hvatt til þess að leitað verði allra leiða til að flýta þeim aðgerðum.

6. Rætt um heimreiðar, umferðaröryggismál og aðkomu sveitarfélagsins að þeim. Þjóðvegurinn í gegnum Reykjahverfi er á köflum stórhættulegur, bæði vegna skorts á viðhaldi og umferðarhegðunar. Má í þessu samhengi nefna kaflann milli Skarðaborgar og Laxamýrar þar sem vegurinn lætur mjög undan m.a. í frostlyftingu sem og hraðakstur í efri hluta Reykjahverfis.

7. Rætt um stöðuna á hitaveitumálum og það óöryggi sem íbúar hverfisins búa við eins og staðan er í dag. Komið var inn á nýfallin dóm Hæstaréttar varðandi greiðslur fyrir afnot af heitu vatni úr landi jarða í Reykjahverfi. Ekki er vitað hver kostnaður af málarekstri vegna þessa er orðinn, en leiða má líkum að því að þeim fjármunum hefði verið betur varið til endurnýjunar heitavatnslagsnar í Reykjahverfi.

8. Hverfisráð fagnar áformum um frekari uppbyggingu íbúabyggðar við Hrísteig. Hvatt er til þess að sveitarfélagið stuðli að fullri uppbyggingu við Hrísateig í samræmi við það deiliskipulag sem þegar liggar fyrir. Lóðirnar þar eru mjög aðgengilegar og lagnir nú þegar til staðar í hálfbyggðri götunni.

9. Rætt um samstarf við önnur hverfisráð, stefnt að sameiginlegum fundi á næstu vikum.

10. Ýmis önnur mál rædd.

Fundarstjóri las upp fundargerð og hún samþykkt. Fleira ekki rætt og fundi slitið.

*Guðrún Ósk
Hjálmar Þorsteinsson*

Maria Svartmárið

Hilmir Þórður Þórðarson